

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 19. nóvember 2009
Tilvísun: UST20091000121/bs

Jarðgöng á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar í Ísafjarðarbæ. Frummatsskýrsla. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 28. október sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar. Hér er um að ræða gerð 5,6 km jarðganga milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Nýlögn og uppbygging eldri vega verða samtals 7,8 km. Að lokinni þeirri framkvæmd sem hér um ræðir verða eftir um 52.000 m³ á haugsvæði í Arnarfirði. Ráðgert er að taka efni úr Hófsá í Arnarfirði og ýmsum opnum námum í Dýrafirði samtals um 50.000 m³.

Fyrirhuguð framkvæmd er innan svæðis nr. 311 á náttúruminjaskrá. Náttúruverndargildi svæðisins er skilgreint á eftirfarandi hátt: "Fjölbreytt landslag, gróðursælar hliðar og dalir, umgirt stórskornu fjalllendi. framhlaup og jökulminjar."

Fram kemur í frummatsskýrslu að framkvæmdin mun hafa talsverð neikvæð áhrif á landslag. Í skýrslunni kemur einnig fram að ráðist verður í mótvægisáðgerðir til að draga úr sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar. Þessar áðgerðir felast í því að skeringar við gangamunna verða felldar að öröskuðu landi, "þannig að hliðin fái sama form og fyrir framkvæmd....Öllum jarðvegi á skeringarsvæðum verður ýtt til hliðar og síðan jafnað út ofan á skeringar." Tilgangur þessara áðgerða er að skapa sem best skilyrði fyrir endurheimt gróðurlendis á röskuðum svæðum næst gangamunnum.

Talið er að áhrif vegagerðar á fuglalíf í Dýrafirði og Arnarfirði ættu að verða lítil og að engin mikilvæg búsvæði fyrir fugla verði raskað. Ekki er um sjaldgæf eða sérstæð gróðurlendi að ræða á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Framkvæmdin mun ekki hafa áhrif á óraskað votlendi. Efnistaka í Hófsá mun hafa neikvæð áhrif á neðri hluta árinna. Efsti hluti fjörunnar á rúmlega 1 km kafla milli Kjaransstaðareyrar og vegfyllingar yfir Dýrfjörð mun skerðast vegna veglagningar. Lífmesti hluti fjörunnar verður ekki raskað. Fjörugerðin er algeng í Dýrafirði.

Í frummatsskýrslu bls. 76 kemur fram að fallið hafi verið frá "efri leið" í landi Kjaransstaða og þess í stað ákveðið með samkomulagi við landeigendur að leggja veginn um efsta hluta fjörunnar.

Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu hefði átt að fjalla um valkosti varðandi legu vegar í landi Kjaransstaða.

Í frummatsskýrslu segir í samantekt bls. 4.: "Áhrif á samgöngur og samfélag eru þó verulega jákvæð en á landnotkun, fjörur, straumvötn og landslag eru áhrifin á mörkum þess að vera neikvæð og óveruleg."

Hér er fjallað um áhrif framkvæmdarinnar á samgöngur og samfélag á sama hátt og beinar afleiðingar hennar á t.d. fjörur og straumvötn.


Umhverfisstofnun vill benda á að þessi umfjöllun virðist ekki í samræmi við dóm Hæstaréttar um veglagningu í Teigsskóg frá 22. október 2009 í máli nr. 671/2008, en þar segir m.a. um áhrif vegaf framkvæmda á samgöngur: "Eðli málsins samkvæmt eiga atriði af þessum meiði það sammerkt að þau eru grundvallarþættir í tilgangi og markmiði vegalagningar. Af þeim sökum geta þau ekki jafnframt talist sjálfstætt til afleiðinga slíkrar framkvæmda, sem horft verði til við mat á umhverfisáhrifum hennar."

Umhverfisstofnun telur að áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar verði fyrst og fremst sjónræn áhrif vegna skeringa, vegskála og vegfyllinga. Unnt er að draga verulega úr sjónrænum áhrifum ef gripið verður til þeirra mótvægisáðgerða sem lýst er í frummatsskýrslu. Að líkindum mun framkvæmdin hafa tímabundin áhrif á Hófsá, en áhrif á fjörur á 1,5 km kafla innan Dýrafjarðarbrúar vegna veglagningar verður varanleg.

Að teknu tilliti til ofangreindra sjónarmiða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri